



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VID ADRAR STJÖRNUR 38. TBL. 8. ÁRG. SEPT. 1982

Dauðinn er ekki sigraður fyr en menn hætta að deyja.

Helgi Pjeturss.

Vetrarbrautahvirfingar

(Sjá forsíðumynd)

Þótt hver einstök vetrarbraut sé ákaflega stór, þá inniheldur hún þó ekki mestu samansöfnun efnis sem þekkt er í alheiminum. Vetrarbrautirnar sjálfar eru í hópum, sem haldast saman sem sérstakar einingar af aðdráttaráhrifum þeim, sem hver einstök vetrarbraut í hópnum hefur hver á aðra.

Í sumum hópum eru aðeins fáeinar vetrarbrautir. Sem dæmi um það er vetrarbrautahópur í stjörnumerkinu Pegasus.

Staðarhvirfingin, sem okkar vetrarbraut tilheyrir, er samsafn vetrarbrauta, með okkar vetrarbraut, Andromedupokunni og mörgum daufari stjörnuþokum. Ekki er alveg víst að staðarhvirfingin sé skýrt afmarkaður hópur vetrarbrauta.

Nálægasti vetrarbrautahópurinn utan staðarhvirfingarinnar, og sem augljóslega er sérstakur hópur er í Meyjarmerkinu. Í þessum hópi eru um 2500 vetrarbrautir í um 30 milljón ljósára fjarlægð frá okkar hópi, og er einn af hinum stærri þekktu hópum.

Í um 300 milljón ljósára fjarlægð frá vetrarbraut okkar, í stjörnumerkinu Herkúlesi, er geysimikil vetrarbrautabyrping, sem kölluð er Herkúlesar-byrpingin, og hefur innan sinna vébanda um 10.000 vetrarbrautir, sem hver um sig inniheldur 10 til 100 þúsund milljónir sólstjarna.

Eitt lítið geimsvæði í Herkúlesar-byrpingunni sýnir um 50 vetrarbrautir. Á þessari mynd sjást nokkrir ferhyrdir ljósir blettir og litlir ljóspunktur, en þetta eru stjörnur í okkar eigin vetrarbraut í sömu átt og Herkúlesar-byrpingin. Allir aðrir ljósblettir myndarinnar eru einstakar vetrarbrautir myndaðar úr aragrúa stjarna.

Herkúlesar-byrpingin og aðrar stórar vetrarbrautahvirfingar í líkingu við hana, eru stærstu efnishvel (systems of matter) sem þekkjast í alheiminum. Vel mætti hugsa sér, að til væru hvirfingar vetrarbrautahvirfinga (clusters of clusters of galaxies), en ekki hafa slík vetrarbrautasöfn enn verið fundin svo að fullvíst þyki. Ef til vill eiga eftir að finnast slíkar hvirfingar yfirvetrarbrauta (clusters of clusters), þegar stjörnufræðilegar athuganir hafa náð meiri nákvæmni. Sem stendur eru næg rök fyrir tilvist þeirra ekki fyrir hendi.

Ingvar Agnarsson.

Forsíðumyndin sýnir hluta af Herkúlesar-byrpingunni. Heimild: Astronomy eftir Robert Jastrow.

Erindi og greinar

UM HAMFARIR OG HUGLÆKNINGAR

Hamfarir.

Sá er einn þáttur Nýalskenninga að allar mannverur geti öðlast þann hæfileika að fara hamförum, og því ferðist menn um víða veröld á þennan hátt, ekki einungis um sinn hnött heldur einnig til annarra hnatta og sólhverfa og jafnvel vetrarbrauta milli — allt eftir því hve öflugt lífið er á hverjum stað í alheimi. Samkvæmt þessu ættu menn hér á jörðu einnig að geta komist á það stig að fara hamförum, og margt bendir til að það geti þeir nú þegar og hafi jafnvel nokkuð lengi gert, að vísu ófullkomlega oftast og í minna mæli en þar sem líf er samstilltara — en farið hamförum eigi að síður. Og í sambandi við þetta vaknar sú spurning hvort menn annarra hnatta geti komist með þessum hætti til okkar jarðar. Það sem helst gæti staðið í vegi fyrir slíkum ferðalögum frá hinum betri lífstöðvum hingað til jarðar, er hið bága ástand lífsins hér, eða með öðrum orðum: hversu móttökuskilyrði eru slæm — enn sem komið er. Samt sem áður bendir margt til þess í skráðum frásögnum að hamfarir til jarðarinnar hafi lengi átt sér stað og þá ekki eingöngu frá hinum betri stöðum.

Í bókmenntum, fornum og nýjum, er víða að finna stuðning þessum hugmyndum, bæði um hamfarir jarðarbúa og heimsóknir hingað. Má þar nefna mikinn fjölda af ritum spíritista og guðspekinga, Íslendingasögur (t. d. Vatnsdælu), fornbókmenntir Gyðinga (biblíu) og þá ekki síst heimspekirit Helga Pjeturss. Verður nú athugað lítið eitt af því sem í Nýal er um þetta efni.

Í ritgerðinni „Hið mikla samband“ segir nokkuð af sambandsfundastarfi spíritista í Englandi kringum aldamótin síðustu og rannsóknum vísindamanna á því sem þar fór fram. Þar segir meðal annars (Nýall bls. 10—11. Blaðsíðutal allsstaðar samkv. 2. útg.):

„Það er eigi einungis að á slíkum fundum tali verur á öðrum hnöttum fyrir munn miðilsins, heldur ber það við, að þær geti framleitt á fundinum einhvern svip eða líkingu af sjálfum sér“.

Og síðar (bls. 25):

„Eins og ég hefi minnst á, þá er „anda“-miðillinn í sambandi við mann á öðrum hnetti, þannig að honum finnst hann vera orðinn að þessum manni; hann er „hlaðinn“ eða magnaður af honum. Þegar þessi magnan af veru annars er komin á nógu hátt stig getur hin magnandi vera, sambandsveran, framleitt eitthvert líki af sér sjálfri eða ham, líkan ham sér, þarna sem miðillinn er“.

Á bls. 11 segir einnig svo:

„Að þessu sinni er það „egyptski“ jötuninn sem erkidjárninn Colley er til frásagnar um, sem m'nnst skal á. Frásögn Colleys er þannig, að sá sem hefir náð dálitlum skilningi á þessum efnum, sér að hún er ekki tilbúningur. „Andi“ þessi var 80 þuml. á hæð og aflið eftir því. Mahedi kallaði jötuninn sig og kunnir ekki ensku nema stundum. Mahedi er mjög líkt Mahdi, en svo nefndu Múhamedstrúarmenn Messías sinn, sem þeir hafa verið að búast við stundum. Mahedi minnir líka á orðið Mahatma, meistarana sem guðspekisinnar hafa svo mikinn átrúnað á. Menn skilji mig ekki svo sem ég sé að segja að það sé sama orðið. En ég hygg, að þar sem þessir Mahatmas eru, sé um samskonar fyrirburði að ræða: Líkamningar eða hamfarir þeirra, sem heima eiga á öðrum hnetti“.

Og enn segir í sömu ritgerð (bls. 16):

„ . . . En því vandlegar sem málið er íhugað, því óárennilegra verður það að halda, að þarna sé ekki um annað að ræða en svik eða villu. Líkamningarnir hafa verið ljósmyndaðir og rannsakaðir vandlega af framúrskarandi vísindamönnum. Nægir þar að nefna öldunginn William Crookes, (f. 17. júní 1831) einn af skörungum nátúruvísindanna. . . . Þó skal þess getið, að það er hvergi sagt í því sem ég hefi séð tilfært eftir Crookes, að hann aðhyllist hina „spíritistisku“ skýringu á fyrirburðunum; það sem hann hefir fengist við, er að kanna hvort fyrirburðirnir ættu sér stað eða ekki“.

Hér fer varla milli mála hver skoðun Helga Pjeturss er í þessum efnum. Hann segir beinum orðum að íbúar annarra hnatta geti farið og hafi farið hamförum til jarðar, birst þar mönnum, talað við þá, látið þá þreifa á sér, verið ljósmyndaðir og jafnvel sannað enn

betur nærveru sína og efnislegt ástand með athöfnum sem líkamsorku þurfti til.

Margt fleira er að finna í Nýöllum um þetta efni en ekki verður það rakið hér frekar að sinni, heldur skal rætt lítið eitt það merki-lega fyrirbrigði sem huglækningar kallast, og um hugsanlega möguleika á hamförum í sambandi við það.

Huglækningar.

Til er bókarkorn sem heitir „*Dul og draumar*“, útg. 1943. Höfundur er Guðrún Böðvarsdóttir, fædd 1902. Hún veiktist af berklum 17 ára að aldri og andaðist 1936. Hún skræði allmikið af draumum sínum og „dulrænni reynslu“ í sjúkdómslegunni, og eru þau skrif eða eitthvað af þeim, efni nefndrar bókar. Í kafla sem nefnist „Huldulæknar“ segir hún meðal annars:

„Þennan sama vetur kom það oft fyrir aðra og þriðju hverja nótt, að ég varð vör við, að það var verið að hjálpa mér. Stundum heyrði ég barið og hurðin hrökk upp. Ég sá hvítan þokustrók líða inn eftir gólfinu, og rétt í því fann ég, að tekið var undir öxl mér og mjöðm og mér lyft ósköp varlega á hliðina. Síðan var strokið eftir endilöngu bakinu og vfir á vinstri síðuna. Stundum var mér lyft upp og snúið næstum alveg á grúfu. Oftast fanst mér tveir eða þrír vera hjá mér í einu. Ég var farin að hlækka til nóttanna. Það var svo dásamlegt að geta orðið vör við þetta, geta svo að segja rétt höndina yfir á annað tilverusvið og fundið, að það var til annað og meira en þetta hversdagslega jarðlíf. — Einu sinni sem oftast finn ég, að læknarnir eru komnir, og mér er lyft á hliðina. Þá grípur mig allt í einu svo sterk löngun eftir að fá að deyja, og ég spyr, hvort þeir vilji ekki slíta lífsbráðinn og lofa mér að fara með sér. Þá er sagt: „Uss, þetta máttu ekki segja, þegar við erum að hjálpa þér til að komast úr gipsinu“. Aftur var það, að þeir eru komnir, búnir að lyfta mér upp og eru að strjúka bakið. Þá sé ég allt í einu geislarák, sem kemur úr áttinni frá þeim. Ég fylgi henni með augunum. Hún breikk- ar eftir því sem fjær dregur og staðnæmist við mynd, sem hangir á þilinu, mynd af Kristi með þyrnikórónuna“.

Hvað er nú það sem verið er að lýsa í þessari frásögn og öðrum samskonar?

Svo virðist sem uppi muni vera meðal Nýalssinna a. m. k.

tvennskona skýringar á því hvernig slíkar lækningatílaunir fari fram. Önnur sú að þar sé einungis um lífgeislan, sambandssýn og sambandsvitund að ræða. Það þýðir að þeir lækna sem stúlkan, að eigin sögn, finnur fyrir og talar eða hugsar við, séu ekki staddir í herberginu hjá henni, heldur á fjarlægri jarðstjörnu og geri þar á annarri mannveru það sem stúlkunni finnst sér gert. En sú mannvera sé tengd vitund hins fjarlæga sjúklings, þannig að stúlkan sé í miðils- eða draumsambandi og fái með því vitund sambandsverunnar, meðan aðgerð fer fram. Á þann hátt geti hún fengið einhverja bót meina sinna ef vel tekst til.

Þessari skýringu gerir Ingvar Agnarsson einkar góð skil í 17. tbl „Lífgeisla“ (júní 1978). Hann segir þar meðal annars:

„Margir sjúkdómar eru svo erfiðir viðfangs að sending lífgeislans ein virðist ekki nægja, og er það vitanlega vegna ófullkominna móttökuskilyrða hérna megin. — Lækna þeir á öðrum stjörnum sem lækninguna senda, vita allt um sjúkdóm hins jarðneska manns. Þeir vita að aðgerðir ýmiskonar eru áhrifarík lækningaaðferð. En sjálfir komast þeir ekki hingað til að framkvæma slíkt. Þeir vita líka að áhrif einnar aðgerðar á þeirra hnetti geta borist sjúklingsi á okkar hnetti. Þess vegna munu þeir oft notfæra sér einmitt þessa möguleika“.

Hin skýringin er sú að lækna frá öðrum jarðstjörnum séu stundum raunverulega staddir hjá sjúklingnum, hafi farið þangað hamförum frá sínum heimkvnum, þó líkæmn'ng þeirra takist oft misjafnlega vel. Frásögn Guðrúnar af því hvernig lækna'nir birtust henni, er stuðningur við þá skoðun og mjög svipuð lýsingum erlendra rannsóknarmanna á framkomu líkamringa á miðilsfundum, eins og frá því er sagt í Nýal. „Ég sá hvítan þokustrók líða inn eftir gólfinu“, segir hún. Og hún sér herbergi sitt og ákveðna mynd á vegg. Og fleira sér hún þar (þó það standi ekki í því sem hér er tilfært). Hún sér lækni með tösku í hendi, talar við hann, tekur í hönd hans, og enga hluti í herberginu nefnir hún, sem þar áttu ekki að vera.

Af þessum tveim skýringum finnst mér sú síðari sennilegri og í betra samtæmi við það sem í Nýal segir um þetta efni. Þó skal ekki fullyrt að sú fyrri (aðeins fjarhrif) sé röng að öllu leyti. Ef til vill eru báðar réttar, þannig að þó hamfaraaðferðin sé í eðli sínu árangursríkari, þá sé hún ekki alltaf möguleg vegna slæmra lending-

arskilyrða, og þá hægt að grípa til hinnar sem þrautalendingar. Ástæða er þó til að vona að bót verði ráðin á þessu í framtíðinni, því eitt af meginverkefnum Nýalssinna er að reyna að bæta skilyrði fyrir komu góðra gesta til jarðar.

Af framansögðu má auðvitað ekki draga þá ályktun að ekki sé gert ráð fyrir fjargeislandi áhrifum við allar slíkar tilraunir. Nýalssinnar munu vera á einu máli um að mikill fjöldi samstilltra og enn öflugra hjálpenda á fjarlægum lífsstöðvum taki ævinlega mikinn þátt í öllu því líku björgunarstarfi og magni lækna og aðra sem eru að verki hverju sinni. Og enn víðtækari munu hin fjargeislandi áhrif vera. Úr ótal stöðum streyma þau, þar á meðal frá fólki hér á jörðu, t. d. frá huglæknum og stillihópum þeim til aðstoðar (úr fjarlægð).

Svipir og skyggnigáfa.

Margt fleira leitar á hugann í þessum efnum en ekki verður þó haldið öllu lengra að sinni. En æskilegt þætti mér að áhugasamir lesendur „Lífgeisla“ létu í ljós álit sitt á því sem hér hefir verið minnst á — og öðru því skyldu. Fróðlegt væri t. d. að glugga í eitt-hvað af þeim fjölmörgu frásögnum um svonefndar sálfarir sem birst hafa á prenti hér á landi á síðari tímum (og þó víðar væri leitað). Víst höfum við Nýalssinnar ákveðnar skýringar á slíkum fyrirbærum (fjarhrif, sýngjafi, vitundarskipti) — réttar skýringar að ég held, svo langt sem þær ná. En ég er ekki grunlaus um að þær nái ekki alltaf nógu langt. Ósjaldan hvarflar að mér sú spurning hvort ekki sé í sumum slíkra frásagna verið að lýsa hamförum eða öllu heldur einhverju stigi milli hamfara og þess sem vanalegast er átt við með orðinu sálfarir (en sú merking er: efnisvana andi lífveru á ferð). Hvers eðlis eru t. d. svipir framliðinna og önnur skyld fyrirbæri, sem skyggnir menn sjá en óskyggnir ekki? Þar eru varla líkamningar á ferð, því þá ættu allir að geta séð; en heldur ekki sálir manna, í merkingunni lífsafl, eða huggeislan ein, því slíkt ætti enginn að geta séð. Eða getur komið fram í mannsauga mynd af einhverju því sem er algjörlega efnisvana? Mér skilst að það geti ekki gerst.

Það virðist því liggja nærri að álykta, að þetta sem skyggnir sjá en óskyggnir ekki, séu einhverskonar ófullkomnir líkamningar eða vísar að slíku, sem aðeins fólk með sérhæfileika getur séð — að minnsta kosti þegar svo er að fyrirnefnd skýring um sýngjafa o. fl. kemur ekki til greina. Því þegar einhver sér t. d. „hvítan þoku-

strók líða inn eftir gólfinu“ á þeim stað sem sjáandinn þekkir sem sitt herbergi, þá er um einhverja efnistöku einhvers gests á þeim sama stað að ræða, einhverja byrjun að líkamningu eða eitthvað

þessu skylt. Gætu nú ekki áðurnefndir svipir verið á stundum samskonar eða eðlisskyld fyrirbæri?

Að lokum.

Í *Framnýal* er stutt ritgerð sem nefnist: „Rannsóknir á eðli drauma og möguleikar draumlífsins“. Vil ég biðja lesendur að líta yfir ritgerð þá og staldra þar við þessi orð:

„En ótrúlega miklir og furðulegir eru möguleikar draumlífsins, . . . Og vér munum geta dvalið stund og stund með framliðnum ástvinum vorum í heimkynnum þeirra, og þarf ekki að orðlengja um hvað það muni þýða“.

Og nú er spurt: Hvernig getur þetta gerst? Hvert verður ástand þeirra sem slíkar ferðir fara í svefni, meðan þeir dvelja í heimkynnum ástvina sinna á öðrum hnetti?

Helgi Guðlaugsson.

M Y R —

Úr „Gleymd stef en geymd“ eftir Símon Jóh. Ágústsson.

Á efsta hnjúknum er enn þá sól,
þótt angan úr dalnum víki.

Svipul er syndagleði.

Gott er, þegar gleðin býr í sinni.

Veröldin lætur flátt og blítt.

Hægt deyfist sviði af höggi.

DULÝÐGI

I.

Því er ekki að neita að það er töluvert sem við mennirnir vitum, en eflaust lítið brot af því sem við vitum ekki eða ekki fundið lögmál fyrir.

Orðið dulýðgi er margþætt, haft yfir það sem leitar á hugann og krefst sanninda. Sum þau lögmál sem við höfum fundið, eru þó aðeins á byrjunarstigi. Út frá þeim liggja svo ótal greinar sem við erum að smáglugga í og glíma við. Við ættum því að spara stór orð um viturleik okkar.

Ég veit því fátt heimskulegra en berja saman hnefum með stórtunguflóði yfir einhverju sem við ekki enn skiljum eða höfum sannanir fyrir. Hér á ég við allt sem okkur finnst ekki skiljanlegt og köllum dularfullt eða dulrænt. Þennan stóra galla verðum við að losna vð, en leita skýringa með hófsemd og leitandi huga. Mannkynið hefur frá fyrsta degi þess staðið frammi fyrir gátum og hugglettum og svo mun enn verða.

Þetta er fáni framvindunnar.

Hvar stæðum við ef allt hefði verið kannað sem á hugann leitar og hefur haslað okkur ný mið til þroska?

Maðurinn er og á að vera leitandi vera sem ekkert er óviðkomandi. Hann á að kryfja gáturnar til mergjar, með því leggur hann gull í lófa framtíðarinnar. Og hlutverk hans er ekki einungis að efla og fegra þennan heim, heldur ráða gátur geimsins þar sem okkur mun ætlað framtíðar heimili.

Menn hafa glímt við heimspekina. Þar finnst mér heimspeki Helga Þjeturss gnæfa yfir. Hún er í senn einföld, vitræn og sennileg, í algjöru samræmi við þann ramma, sem alvitundin hefur sniðið þróuninni. Við förum héðan yfir á jarðlífshnött, sem hentar þroska hvers og eins. Þar fáum við jarðneskan líkama úr hans jarðvegi. Svona gengur þróunin frá hnetti til hnattar, eðlilega eftir náttúruskilyrðum, bara samfelld þróun.

Þanig verður maðurinn frá fyrsta lífi að búa sig í stakk til að taka þátt í sköpuninni, þar er þroski hans fólgin: afneita hnefaréttinum, sem myrðir mannlega eiginleika og hafnar þróuninni. Þróunin verður að vera alhliða og ná til allra. Allt annað er öfugþróun, sem nú er að tröllríða mannkyninu á þessum hnetti. Þeim

sem standa að öfugþróun, er ekki vits varnað, margir ljóngáfaðir. Það eru þessir menn sem spila á fiðlu meðan eldurinn leitar iljanna. Væri nú ekki viturlegra að þessir sérgreindu menn notuðu vit sitt til að leysa lögmál lífsins í stað þess að taka á sig nátttröllsgervi? Öld fram af öld höfum við neitað því að þetta og þetta gæti átt sér stað, sem þróunin hefur þegar leitt í ljós.

Við ættum að minnast hins dásamlega nafns drómi — leysa úr dróma í stað þess að drepa..

— — —

Kannski hefur okkur aldrei verið meiri þörf á því en nú, að sinna hinum svokölluðu dularfullu málefnum. Tækniþróunin er driffjöður framvindunnar, en þegar hún villist inn á þá braut að helfjötra heiminn þá kemur mörgum í hug hvort ekki sé viturlegra að leysa lögmál til bjargar mannkyninu, en dunda við að búa til sprengjur og eiturlyf. Það er margt að gæta. Álfkonan átti sjö börn í sjó og sjó á landi, en hvorutveggja þurfti að sinna. Kannski er það líkt með okkur mennina. Okkur hættir oft við að ofræta þann möguleika, sem við höfum á höndum og hafna því dularfulla, sem er, og verður sú stjarna er mannkynið verður að stýra eftir í sólarátt, ef sigur á að nást. Ég finn að það er örllítið, en segi það samt, að ég er þess fullviss að allt sem mannkynið hefur dreymt um á eftir að rætast, svo framarlega að við hættum helbrautargöngunni. Hvað hefur alveran við fólk að gera sem hugsar mest um að drepa hvert annað?

Sumir þessir draumar kunna að sýnast fjarstæðir, en æfintýrin ódauðlegu, sem voru talin skáldskapur eða vitleysa, eru alltaf að rætast og verða að veruleika. Það er svo víða sem þarf að svipta hjúpnum af, svo veruleikinn komi í ljós. Var ekki flugið, síminn, sjónvarp, útvarp, segulþráður og þráðlaus skeyti, ásamt geimferðum, ævintýri fyrir áratugum. Hugsum bara tengiliðinn milli gandreiddarinnar og geimfarsins.

Dulrænan er afl sem knýr menn inn í heim hugmyndanna og heimtar að hann sé gerður að veruleika. Hvaðan þessar getgátur og hugdettur koma vitum við ei, en ekki ólíklegt að þær stafi frá hnöttum í geimnum, sem lengra eru á veg komnir. Munur á hugmynd og veruleika er ekki annar en sá, að fyrir öðru er fundið lögmál, en hitt er í leit. Ég er þess fullviss að álfar og huldufólk koma á sínum tíma til veruleika, ekki kannski á þann hátt, að þeir búi í klettum, heldur er þetta heimur, sem gefist hefur sýn inn í. Á öllum

tímum hafa verið uppi menn með þeim hæfileikum að sjá það sem almenningi er dulið. Þar hamlar efnið ekki á nokkurn hátt.

Til eru ótal heimar, sem okkur eru ennþá duldir, jafnvel á þessum hnetti. Frá örófi alda hafa menn brotið heilann um lífið og dauðann og svo virðist sem sumar hinna fornu menningarþjóða, t. d. Grikkir og Rómverjar hafi þar verið komnir jafnvel lengra en nútímaspekningar. Þessar þjóðir náðu svo langt í austur, að segja má að þær hefðu heimsmenninguna á sínu valdi. Í hinum herteknu löndum bönnuðu Rómverjar að þeir sem hefðu speki yfir að ráða, væru drepnir, heldur skyldu þeir fluttir til Rómar. Þessar þjóðir virðast hafa haft sambönd út fyrir þennan hnött. Við lestur Ritningarinnar er sýnilegt að spámenn og spekingar sem þar um getur, haft haft dulræn sambönd á einhvern hátt.

Allt þetta dulræna hefur sífellt heillað mig, alveg óskylt trú. Því trú er mjög tvíþent hugtak. Það er hin skynsamlega afstaða, sem á að tengja okkur í samband við líf og dauða, sem deilurnar miklu hafa staðið um.

Hinn svo kallaði trúmaður hefur enga sönnun á þessu sviði. Hinir sem hugmyndirnar heilla hafa það heldur ekki. Leiðin er að menn kryfji allar þessar hugmyndir, taki það besta og sennilegasta og byggji á því sína borg, en reyni ekki að rakka hvern annan niður.

Hefur hið dulræna bætandi áhrif á hugarfar manna? Ég get ekki neitað því að hjá dulrænu fólki, sem ég hefi kynnst og mönnum sem mikið hafa hugsað um þau efni, finnst mér ég finna næmari siðfræðiskennd en hjá öðru fólki, að því ólöstuðu. Það eru líka mörg dæmi þess, að slíkt hafi breytt hugarfari manna.

Hvort Íslendingar hafi síðast mikið við kristnitökuna vil ég ekki um dæma, en margir vilja halda slíku fram. Það má benda á þátta-skil, en það getur komið frá annarri hlið. Okkar fyrstu biskupar voru háheiðnir menn og komu á lögum til handa þeim, sem verst voru settir í þjóðfélaginu. Þessir hálærðu menn hafa kynnst frumkristninni og þar voru mörg fögur teikn á lofti sem bentu til mannhelgi og þeir hafa orðið snortnir af. Þetta afvatnaðist svo smásaman og peningurinn settist í hásætið. Þá held ég að trúin hafi dalað og Íslendingar í raun aldrei verið trúadri þótt þeir hefðu yfir bænir í sárustu neyð. Þó gátu þeir ríku keypt sér syndakvittanir eftir hendi og pláss í himnaríki fyrir vissa tölu manna. En þeir snauðu nutu einskis þar af. Þegar mannhelgin er úr sögunni taka peningarnir við. Mér finnst dulræna og mannhelgi eitthvað skyldar.

II.

Í minni ætt hefur verið mikið af dulrænu fólki, þótt ég sé þar undanskilinn, en hefi þó fylgst með þessu. Þetta hefur alltaf komið fram með vissu millibili til þessa dags.

Báðar systur mínar voru miðlar, þó önnur stundaði ekki slíkt. Hún gekk bara um í einskonar leiðslu og talaði mál sem enginn skildi, þekkti heldur engan mann. Þrátt fyrir það að hún var mikill skepnuvinur og ég tala nú ekki um húsdýrin, ætlaði hún í þessari leiðslu að ærast af hræðslu ef hún sá þau. Þetta eltist af henni, alltaf sá hún samt og heyrði meira en aðrir og drevmdi merkilega drauma. Hún féll oft í trans, sem kallað var og við fórum þá að spyrja hana. Þetta fréttist og beiðni um fundi var stundum sinnt. Enginn þekkti nokkrar reglur fyrir þessu, enda ætlaði okkur að vera hált á þessu og vík ég að því síðar. Þessir fundir sannfærðu mig um að svik af hennar hálfu gátu ekki komið til mála. Þarna kom fram fólk, sem við höfðum nauðþekkt og talaði með sínum rómi. Allt var svo eðlilegt að maður glevmdi öðru en að þetta væri tal við lifandi manneskiur. Svik hafa komist upp um miðla, og kærnski raunveruleg, því þeningurinn tæl'r. Mín skoðun er sú, að oft hefi þar gripið inni, fólk handan að, sem hefur viljað spilla fyrir. Fólk verður þar ekki alkosta á samri stundu og það fer héðan.

Þá vík ég aðeins að, fundum heima hiá okkur. Stjórnand'inn handan frá kvaðst heita Þormóður og hefði verið munkur á sinni tíð. Rödd hans var svo drvnjandi, að slíkt gat ekki komið úr kvenbarka. Margt kom þarna fram í viðtali fólksins við vini, ættinga og ástvini, sem það var alveg hissa á og miðillinn gat ekki á nokkurn hátt vitað um. Áhugi minn lá mestur í því að tala við Þormóð um fornöldina og hann var mjög málreifur. Ekki lét hann mikið af guðrækninni í klaustrunum. Margt annað hefði komið til að menn gengu í klaustur. Það var alltaf verið að reyna að halda aftur að mér með þetta tal um fornöldina en dugði lítt. Svo kom að Þormóður tók fram í og sagði: „Leyfið þiltinum að tala, það vill nú svo vel til, að ég hefi líka ánægju af að minnast þessara tíma.“ Svo undarlega vildi til að ég fékk tugum ára síðar kveðju frá Þormóði. Svava, konan mín, var stundum á fundum hjá Hafsteini miðli. Þar kemur rödd fram og segir: „Hér skeður víst fremur óvanalegt. Ég er íslenskur munkur og heiti Þormóður.“ Hér verður ekki annað um þetta rætt nema Þormóður segir: „Ég bið að heilsa honum Halldóri.“ Enginn tók undir, hefur sjálfsagt ekki treyst sér til að ráða gátu þessa. Svo fór samt þannig að Svava tekur undir og spyr

hvort þetta sé Halldór Pjetursson, sem eigi að fá kveðjuna og segir Þormóður svo vera. Svava sagði mér að á eftir hefði það rifjast upp fyrir sér, að ég hefði sagt henni frá Þormóði, en mundi það ekki á fundinum. Mér þótti þetta dálítið einkennilegt.

Nú kemur að því sem ég áður gat um að okkur ætlaði að verða hált á þessum fundarhöldum. Á sama vetri drukknaði maður niður um ís á miklu jökulvatni skammt frá bíl okkar. Þetta var maður úr fjarlægju héraði, heljarmenni á besta aldri og mjög elskur að heimili sínu og bústofni. Eftir að þetta skeði var haldinn fundur og þessi maður kom fram í miklum æsingi, en stjórnanda tókst að hafa hemil á honum eða útiloka hann. Ekki létum við okkur þetta til varnaðar verða og annar fundur var boðaður vegna manns, sem sótti það fast. Ekki er miðillinn fyrr sofnaður, en þessi maður ruddist að og heimtaði að sín væri leitað, lýsti því hvar hann væri og ekki þyrfti annað en draga sig upp, þá tæki hann klárinn og riði heim. Fundir þessir voru í litlu húsi undir baðstofulofti. Hurð var fyrir herberginu en skráin biluð, en til þess að hægt væri að opna og loka, var snæri þrætt í skráargatið. Hnýtt var við skráargatið beggja megin, svo ekki drægist til, endar beggja megin svo hægt væri að opna og loka. Þetta kvöld voru þarna nokkrir menn, sæti voru af skornum skamti og pláss lítið. Ég stóð frammi við hurðina, þó ekki í neinum tilgangi.

Allt í einu rís miðillinn upp í einhverju ofboði, hrindir frá sér fólkinu og heldur til dyra. Ég var nú enginn kraftamaður, en bjóst þó við að ráða við miðilinn, en er hann náði til mín, þar sem ég stóð við hurðina var ég í höndum hans eins og fífukveikur og var ekki svo hraustlega á mér tekið, fyrr eða síðar, en með því að hurðin opnaðist ekki út og fleiri komu til, tókst ekki útganga. Miðillinn var síðan færður á sinn stað. Þá kom stjórnandinn til og afsakaði að svona hefði farið. Hann hefði aðeins vikið sér frá en maðurinn ruðst að og erfitt að stansa hann. Hefðuð þið misst miðilinn út hefðuð þið engu þar um þokað og hann farið beint í vökina.

Eftir þetta lögðust fundir af og þetta ekki rakið lengra. Þó skal þess getið að manni þessum var hjálpað með aðstoð þessa miðils, bæði á Seyðisfirði og í Reykjavík, svo hann komst inn á bjartari leiðir. Sami miðill var þar að verki.

Margt spjallaði ég við Þormóð og ruddi hann þá úr sér heilum klausum á latínu, sem ég var að reyna að skrifa upp eftir framburði, en enginn skildi slíkt. Ekkert virtist miðillinn vita hvað fram fór á fundinum og latína var honum að sjálfsögðu ókunn. Miðill þessi

starfaði eitthvað á þessu sviði, bæði á Akureyri og Reykjavík, en síðan ekki meir. Alltaf sá hann sýnir, það sáum við á svip hans, en um allt var hann þögull eins og gröfin, þó sagði hann fyrir gestakomu allra eftir draumum og þekkti manninn eftir fylgjum þeirra eða hjúp.

Hér skal að lokum sagt frá þeim gáfaðasta manni, sem ég tel mig hafa kynnst að litlu. Hann hét Guðmundur Kristjánsson, hafði flutt frá Reykjavík til Seyðisfjarðar og stundaði þar úrsmíði. Guðmundur var kryplingur, á hæð við 9—10 ára dreng og gekk við hækju. Hann var mikill guðspekingur og margar sögur gengu af honum sem hér verða ekki taldar, veit enda engin skil á þeim. Höfuð hans var stórt og augum hans og enni mun ég aldrei gleyma. Við tillit hans var eins og glóð sindraði úr augum hans og drægi frá manni mátt. Hann var einn af fundarmönnum á Seyðisfirði, sem hjálpaði manni heim, sem ég hefi sagt frá hér á undan.

Ég átti há heima uppá Fliótsdalshéraði og leiðir manna bá til dags lágu aðallega til Seyðisfjarðar, sem bá var í blóma og börn og unglingar héldu að þar væri miðstöð heimsins. Eitt sumar vorum við Runólfur heitinn bróðir minn í kaupstaðferð á Seyðisfirði og þurftum meðal annars að láta gera við úr. Þar sá ég Guðmund fyrst og sagði hann að úrið vrði til næsta kvöld. Við komum á tilsettum tíma, en bá var úrið ekki til, en hann bað okkur að koma heim til sín seinna um kvöldið. Þegar bangað kom bauð Guðmundur okkur til stofu. Úrið var tilbúið og við gerðum upp viðskiptin. Guðmundur bauð okkur að sitja lengur og tal upphófst um dulræn efni. Sjálf-sagt höfum við bræður ekki rist djúpt þarna, en hlustuðum dolföllnir á Guðmund, sem okkur fannst sem andans risi, sem vissi á öllu skil. Okkur fannst hann hækka í seti og loftið væri mettað af einhverju óþekktu. Allt var þetta austurlensk fræði, sem hann þuldi okkur og sjálfsgagt heyrt undir heimspeki.

Tíminn leið og hallaði að miðnætti. Það var líkast því, að við hefðum gleymt að fara. Ekki urðum við þess heldur varir, að við okkur væri ýtt. Við sáum nú að dok færðist á Guðmund, talaði hann þó látlaust og innan stundar var hann fallinn í einskonar dróma. Hófst nú annar partur ræðunnar, sem við skildum ekki orð af, hafði það samt ekki minni áhrif á okkur en sá fyrri. Við töldum þetta einhver austurlensk mál. Hann talaði viðstöðulaust með ótal tillbrigðum og hljómurinn og hrynjandi málsins fellur mér ei úr minni. Ég hefi aldrei haft mikinn næmleika, en það hafði Runólfur og hvað eftir annað hélt ég að han mundi falla í eitthvað líkt dá

og Guðmundur. Reyndi ég samt að halda honum uppi, sem ekki virtist þó ætla að takast.

Ég var þarna á milli tveggja elda, þorði ekki að hreyfa við Guðmundi, en hlakkaði lítt til að sitja yfir þeim báðum. Mér leist samt ekki á að fara út og fá einhverja hjálp. Þetta leystist samt á þann hátt að Guðmundur fór að ranka við sér og ég fór að rífa Runólf upp. Mér var mest í huga að við kæmumst út, því hver vissi nema þetta tæki sig upp á ný. Hvort við einusinni kvöddum man ég ekki, Runólfur líka hálf vankaður.

Út drifum við okkur og þeirri stund var ég feginn, þegar ég þóttist hafa fast land undir fótum. Þessi nótt sat lengi í mér og hefur víst aldrei horfið að fullu, enda mundi ég sakna þess. Áhrifin eru sífellt ný, ásamt gáfum og göfgi Guðmundar Kristjánssonar. Það skiptir engu hvort ég hefi í einhverju misskilið Guðmund, því áhrif hans á mig er ekki misskilningur.

Halldór Pjetursson.

M Y R —

Úr „Spámanninum“ eftir Kahlil Gilran

Einn og án hreiðurs síns flýgur örninn mót sólu.

Ástin þekkir ekki dýpi sitt fyrr en á skilnaðarstundinni

Þegar ástin kallar þig, þá fylgdu henni, þótt vegir hennar séu brattir og hálir.

Elskið hvert annað, en látið ástina ekki verða að fjötrum.

Gefið hvert öðru hjarta ykkar, en setjið það ekki í fangelsi.

Að gefa af eigum sínum er lítil gjöf.

Til eru þeir, sem gleðjast, þegar þeir gefa, og gleðin er laun þeirra.

Að sýna í verki ást sína á lífinu er að öðlast hlutdeild í innsta leyndardómi þess.

Með því að deila rétt gjöfum jarðarinnar, fáist þið auð og allsnægtir. En ef þið deilið ekki af kærleika og réttssýni, verða sumir ágjarnir og aðrir svangir.

Andi jarðarinnar hvílist ekki, fyrr en þörfum hins minnsta bróður er fullnægt.

HEIMSSLITASPÁR OG HVAD VERÐA MÁ TIL BJARGAR

I.

Árið 1981 kom út allsérkennileg bók: „Óvæntir gestir á jörðu“. Höfundur er Ruth Montgomery en þýðandi Úlfur Ragnarsson, læknir.

Að hluta til er bókin spádómar:

1) Þar er gert ráð fyrir þriðju heimsstyrjöldinni nálægt 1990 og verði af hennar völdum mjög mikil mannfækkun í heiminum.

2) Þá er spáð miklum stormum og óveðrum og verði af þeim miklar eyðileggingar og manntjón víða um lönd.

3) Þegar líður að aldamótunum er svo gert ráð fyrir pólskiptum. Þá breytir jörðin um heimskaut, þ. e. þau færast til á allt önnur svæði, en þau nú eru á. E. t. v. verða heimskaut þar sem nú er hitabelti og hitabelti þar sem nú er heimskaut.

Þessari breytingu fylgir mikið rask, því sum lönd munu hverfa í hafið en önnur rísa úr sæ, auk þess sem jarðskjálftar verða ægilegir og flóðbylgjur æða á löndin. Aðeins lítill hluti mannkyns mun lifa af þessar hamfarir. En eftir það mun byrja nýtt líf og betra á jörðunni.

Þetta eru nú ekki fagrar framtíðarspár. En þó er sleginn hér einn varnagli, sem óvenjulegt er í hliðstæðum spádómsbókum: Ef mannkyninu tækist að breyta líferni sínu á betri veg í tæka tíð, þá yrði ekkert af öllum þessum óförum, þá yrði afstýrt þeim ragnarökum, sem nú vofa yfir.

Og að því er nú einmitt unnið af háþroskaverum annarsstaðar í tilverunni. Meirihluti bókarinnar fjallar einmitt um þau mál. Þessar háþroskaverur flykkjast nú hingað til jarðarinnar sem *skiptisálir*. En það gerist á þann hátt, að sálir koma annarsstaðar frá og taka sér bústaði í fullþroska mannlíkömum á jörðinni. Þær mannsálir sem fyrir eru, hverfa þá úr líkömum sínum af fúsum vilja. Þessar nýju sálir eru þegar komnar hingað þúsundum saman, en mun fjölga í milljónir á næstu árum. Allt er þetta gert til að gera mannkynið færara um að mæta þeim ragnarökum, sem yfir vofa, og ef unnt er að afstýra þeim.

Þessar skiptisálir vita ekki alltaf um uppruna sinn, eftir að þær hafa sest hér að í mannlíkömum, og a. m. k. segja þær engum frá því. Og vinir þeirra hér, fæddir á jörðunni, vita ekki að hér sé

um skiptisálar að ræða. Þeir verða þess aðeins varir, að hugarfarsbreyting hefur orðið til batnaðar, hjá þessum nágrönnum, og að nú eru þeir góðviljaðri, hjálpfúsari og betur hugsandi en áður var.

Höfundur bókarinnar getur þess einnig að sumir spádómar í fyrri bókum hennar hafi reynst rangir, vegna þess að hún hafi verið illa fyrirkölluð, þegar hún hafi tekið á móti spádómunum, og því hafi þeir afbakast. Því mætti láta sér detta í hug, að einnig í þessari nýju bók, kunní einhver boð, frá þessum háþroskaverum tilverunnar, að vera rangfærð.

II.

Það mun vera alveg rétt, sem skilja má út frá lestri þessarar bókar, og sem raunar blasir við öllum hugsandi mönnum, sem fylgjast með gangi heimsmála, að hiri illa stefna færist í aukana, með hverju árinu sem líður. Svo ge'gvænlega horfir, að hengiflug virðist blasa við á vegferð mannkynsins, og að við liggja að steypst verði fram af brúninni þá og þegar.

Víst er að fylgst er með þessari óheillastefnu mannkynsins frá lengra komnum lífheimabúum. Og það munu ekki vera „andar“ sem taki sér bústaði í lifandi líkómum jarðarmanna, heldur mun hér um að ræða áhrif frá máttugum og kærleiksríkum íbúum annarra lífstjarna, þar sem allir eru samstilltir í góðu og máttur eins er máttur allra, og máttur allra hvers eins. Þeir munu beina hingað óþrotlegri orku sinni og reyna að koma fram hugarfarsbreytingu hjá sem flestum mönnum, reyna að fá þá til að skilja hvert stefnir, og hvert skuli beina huga, svo snúið verði af óheillabraut þeirri, sem nú er gengin.

Aldrei mun útlitið hafa verið svo dökkt sem nú, aldrei hafa stefnt ver, ef á heildina er litið (ef heimstýrjaldir eru frátaldar).

Ekki væri nein goðgá að ætla Íslendingum það heimshlutverk, að eiga upptökin að gjörbreyttri mannkynsstefnu. Nýja lífennisstefnu og nýja lífsambandsstefnu verður að taka upp, svo komist verði af helvegi þeim, sem nú er genginn. Íslendingar ættu allra þjóða best að vita hvernig upp skal taka merki nýrrar lífstefnu. Því hér hafa verið gerðar þær uppgötvanir er vísa leiðina til upptöku nánara sambands við lengra komin mannkyn annarra sólhverfa, sem máttinn hafa og viljann og góðvildina, svo snúið verði til rétrar áttar.

Hér þarf vilja og skilning til að vera með en ekki móti, svo aflétt verði þeim skuggum vítis, — það er helstefnuáhrifum frá vítum annarra hnatta, — sem svo mjög menga allt líf jarðarbúa.

Þá væri von til að komist yrði hjá þeim ragnarökum, eða öðrum hliðstæðum, sem bók Ruth Montgomery gerir ráð fyrir.

Ingvar Agnarsson.

TÁRAST GUÐIR?

Aldrei hefur það komið á í Félagi Nýalssinna, að vælusemi yrði þar ríkjandi eða vælustarfsemi, og er mér jafnan minnisstætt það sem Þorsteinn Jónsson skrifaði eftir að athugun hafði verið gerð á trúflokki þar sem vælusemi var ríkur þáttur: „er engum manni láandi þótt honum geðjist ekki að slíkri ergi, og er þó meira um vert að hafa hér við vit og skilning en hneykslun og háð“. Þarna kom það fram hjá honum að einnig tilfinningasemi og grátsemi hinna trúuðu væri efni til íhugunar. Og hver getur neitað því að tilfinningar og tilfinningabundin viðhorf hans sjálfs séu nokkuð minna en líf hans og sál?

Það eru ekki meir en þrjú til fjögur ár síðan ég fór að taka eftir því á miðilsfundunum hjá Sveini Haraldssyni að mér fóru stundum að koma tár á augu meðan á þeim stóð — og það án þess að ég vissi nokkra sérstaka ástæðu til þess hvað mig snerti. Einnig utan funda hefur þetta komið fyrir. Ég undraðist þetta mjög og spurði mig hvað þetta væri. „Nú eru guðirnir að gráta örlög mannkynsins“, var svarið sem ég gaf sjálfum mér „og þeir gráta gegnum mig, af því að þeir geta skyggzt yfir sviðið í gegnum mig“. En náttúrulega segja *hinir* að þetta sé einhver sérstök starfsemi tákirtlanna, sem í engu sambandi sé við almennt ástand mannkynsins.

Nýlega heyrði ég mann, sem setið hefur á fundum Nýalssinna hafa orð á þessu sama, að sér hætti til að tárast á fundunum og stundum utan þeirra, án þess að vita af hverju það stafaði. Þetta virðist mér styrkja það að um sameiginlegt lífeðlis-fyrirbæri sé að ræða, bundið við sérstakt aflsvæði sem myndast þar sem setið er kringum miðil. Miðilsfyrirbæri eru að gerast í bláa og hvíta húsinu við Álfhólsvæg innanverðan. Það er staðreynd sem vert er að hafa í huga.

Þorsteinn Guðjónsson.

ÓYGGJANDI SAMBANDSSÖNNUN

Að sjálfsgöðu liggur það ekki ævinlega ljóst fyrir, að raunverulegt miðilssamband hafi verið, þar sem þó hafði verið stofnað til slíks, og má því segja að tortryggni sé þá ekki óeðlileg. En þó kemur það fyrir, að segja má um það fyrir víst, að raunverulegt miðilssamband hafi átt sér stað, og sannar það þá hvorttveggja: óyggjanleik framlífsins og svikaleysi miðilsins. Skal hér nú sagt frá dæmi um eina slíka sönnun.

Það hefir um nokkurra ára skeið borið við öðru hverju, að komið hafi hingað að Úlfsstöðum miðlar úr Reykjavík, og hafa það verið miðlar úr hópi Nýalssinna: Sigurður F. Ólafsson, sem nú er látinn, Sveinn Haraldsson og enn aðrir, konur og karlar, því furðu margt fólk hefir reynzt vera gætt sambandshæfileikum. En í þetta sinn, sem hér ræðir um, var Sveinn Haraldsson miðillinn, og var það þó Sveinn Þ. Víkingur, heimilismaður á Úlfsstöðum, sem fyrst skynjaði sambandsáhrifin. Skynjaði hann þau þannig, að hann fann hjá sér sterka hneigð til líkamshreyfingar eða kæks, sem látinn góðkunningi hans gerði jafnan, þegar hann settist hjá þeim, sem hann vildi tala við. En um leið, eða örlitlu síðar en Sv. Þ. V. fann til þessarar hneigðar hjá sér, en án þess að láta það þá í ljós, sagði þessi látni góðkunningi hans til sín hjá Sveini Haraldssyni. Hefði naumast verið unnt að kjósa sér betri sönnun um raunveruleik sambandsins en einmitt þetta.

Og að svona vel skyldi takast var líka í góðu samræmi við hinn látna mann, sem var Einar Guðnason, lengi prestur, Reykholti, því um áhuga hans varðandi samband milli látinna og lifenda var mér vel kunnugt. Var það því maklegt, að þessi óyggjandi sönnun skyldi fást fyrir hans tilstilli.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

NÝTT FRUMLÍFSSAMBAND

Á sambandsfundi í stöðinni 26. júlí 1982 talaði gamall góðvinur í sambandinu, Ríkarður ljónshjarta, sem ekki mun hafa látið til sín heyra í nokkur ár. En hann var áður stjórnandi ágæts Nýals-sinna og miðils sem látinn er fyrir nokkrum árum. Það hefði mátt ætla að sá sem lengi hafði látið sér dveljast ætti eitthvert sérstakt erindi þá loks hann kom.

Hann sagði frá því, sem ekki kemur nú reyndar neitt á óvart þeim sem fylgst hafa með sambandsfréttum, að þeir hinir lengra komnu leitist mjög við að samtengja frumlífsmannkyn sem líkt er ástatt fyrir. Einu slíku sagði hann frá: er það eyþjóð ein fámenn langt frá öðrum löndum á hnetti í þessari vetrarbraut fjarri okkar sólhverfi. Um útlit þeirra sagði hann það að margir væru þar garp-legir ásýndum, málsnjallir væru þeir margir hverjir enda bæri tunga þeirra af öðrum tungumálum á þeim hnetti. Með slíkri þjóð er það sem hin mikla uppgötvun hefur gerð verið á þeirri jörð, og er höfundur hennar enn á lífi, og hefur átt í miklum erfiðleikum vegna viðleitni sinnar á að koma því máli fram. En ekki hefur hann gefizt upp, sagði Ríkarður, þótt þungt sé við að etja, og enn sé langt frá því að trúarbragðastigið sé yfirunnið eða komið upp yfir það. Við báðum fyrir kveðjuorð til þessa ágæta baráttumanns og vísindafrömuðar, og ber að fagna því að náðst hefur vitneskja um slíkan mann hingað til jarðar.

Einn fundarmanna varð fyrir sterkum áhrifum meðan verið var að segja frá þessu, og sagðist honum svo frá á eftir, að sér hefði verið farið að þykja nóg um. En þá var hringur tengdur að nýju (án þess að hann bæði um það) og samstundis hvarf honum allur ótti. — Svo er að sjá sem hann hafi fengið einhvern þátt í hinu erfiða lífi vitfrömuðarins á annarri stjörnu. Samhugur með honum héðan frá jörðu er það sem einna best gæti hjálpað.

Spurt var hvernig samgöngum og tækni væri þarna háttað og samband þessarar þjóðar við aðrar þjóðir, þar sem hún er svo fámenn. „Þeir hafa notið frelsis“ var svarað, og mætti láta sér detta margt í hug í því sambandi. En einkum og sér í lagi það að frelsið er skilyrði þess að sannleikurinn geti öflugur orðið. Og mætti þá nefna orðlistina um leið, því án góðs málfars geta menn ekki sett fram hugsanir sínar nægjanlega skýrt.

Þorsteinn Guðjónsson.

EINKENNILEG ÁHRIFAÖFL

I.

Ég var á gangi upp Þórsgötuna í Reykjavík. Þetta var á björtum degi. Maður kom út úr húsi og gekk niður götuna á móti mér. Er við mættumst á gangstéttinni fór um mig ákaflega ónotaleg tilfinning. Það var eins og einhver hryllileg vítisáhrif streymdu um mig frá þessum manni, eins og sterkur straumur hríslaðist um mig allan, og áhrifin svo sterk, að enganveginn er hægt að lýsa þeim. Maðurinn hélt sína leið niður götuna. En ég varð eins og háflamaður eða afmagnaður og líðanin mjög slæm. Ég var þó nokkra stund að jafna mig eftir þetta „áfall“. Rétt er að taka fram að maður þessi var mér að öllu ókunnur.

Þetta mun hafa verið um 1960.

II.

Ég hafði farið út að ganga seint um kvöld, og var á heimleið. Er ég átti skamman spöl ófarinn að heimili mínu, stytta ég mér leið yfir óbyggt svæði sem liggur milli Hafnarfjarðarvegur og Hábrautar (í Kópavogi, þar sem ég á heima). Skuggsýnt var, enda götuljós engin. Ég sá að maður kom á móti mér, og stefndi yfir auða svæðið í átt til biðstöðvar strætisvagna við Hafnarfjarðarveginn.

Allt í einu varð ég gagntekinn óttatilfinningu gagnvart þessum manni, svo að ég breytti um stefnu og gekk í stóran sveig til vinstri handar, til að losna við að mæta manningum. En það undarlega gerðist, að maðurinn beygði þá í átt til mín og því stærri sveig sem ég lagði á leið mína, því beinna stefndi hann á mig. Er hann nálgadist mig, sá ég, að hann var reikull í spori, eins og hann væri undir áhrifum áfengis. Ég þóttist líka sjá, að þetta væri ungl-ingur, fremur hár vexti og renglulegur. Engin kennsl bar ég á hann. Hann gekk allhratt og stefndi alltaf beint á mig, þótt ég reyndi að víkja mér undan. Óhjákvæmilega hlutum við að mætast og ótti minn magnaðist. Og við mættumst. Hann rak sig á hægri handlegg minn, slangraði svo áfram og sneri í þá átt, sem hann hafði upphaflega stefnt í, það er, á biðstöð strætisvagnanna.

En um leið og handleggir okkar snertust, hvarf mér skyndilega allur ótti. Það var líkt og straumur gengi út af mér til þessa manns. Eins og ég hefði verið ofhlaðinn einhverskonar spennu, sem nú fékk útrás og eyddist algjörlega.

III.

Þessi tvö atvik, sem ég hér hef sagt frá eru allundarleg, að verða fyrir svona sterkum og ógnvekjandi áhrifum frá mönnum, sem ég mæti af tilviljun og veit engin deili á. Sem betur fer hefur þetta orðið aðeins í þessum tveim tilvikum.

*Ingvar Agnarsson,
13. sept. 1979.*

BJARTSÝNI

Ég trúi því, að nú fari margt athyglisvert að gerast vítt og breitt um hnöttinn, en til að vita það, þarf að skilja erlend mál og hafa augun hjá sér. Mikil breyting finnst mér á því hvað fleiri og fleiri gera nú ráð fyrir því, að líf sé á fleiri hnöttum en okkar.

*Þorbergur Jónsson,
Prestbakkakoti.*

LEIÐRÉTTINGAR

Í 37. tbl. Lífgeisla, bls. 63, er meinleg prentvilla í ljóði Davíðs Stefánssonar: „Þegar sálin dvelur“, en á að vera „Þegar sólin dvelur“.

Bls. 65 2. lína að ofan í kafla II: „Ég stóð alltaf á þessu faratæki“. Á að vera „Ég stóð aftast á“ o. s. frv.

ÉG VILDI ÞÉR BLÓMSVEIG BINDA

Eftir Clemens V. Brentano.

Ég vildi þér blómsveig binda,
en beið, unz nóttin var lent
og allt varð ósýni og blinda.
Hann annars þér hefði ég sent.

Mér hrundi tárperla af hvarmi,
sem hvarf niðri smáran, en þá
mér vaknaði von í barmi,
því við það blómstur ég sá.

Nú hugðist ég happs míns að njóta,
heyrði þá hvíslað að mér:
„Ég bið þig mig ekki að brjóta,
Mér bani er jafn sár eins og þér.

Lát góðleikann göfga þitt hjarta
og gæt þess, er liðin er nótt,
hve ljúft muni í ljósinu að skarta.
Mig langar að deyja ekki of fljótt.“

Ef blómíð ei hefði svo hjalað
eða heyrn mín framhjá því sneitt,
þá hefði mig hamingjan falað,
ég hreppt hvað þú ein gatst mér veitt.

Mig einungis einveran heiðrar.
Ég á ekki í sjóð frammar neitt.
Í ást minni angríð sig hreiðrar,
og aldrei því verða mun breytt.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum þýddi.

MAÍNÓTT

Eftir Theodor Storm.

*Meðan silfurbjart tungl milli trjágreina gægist
og á grassvörðinn breiðir svefnljúfa ró
og náttgalinn syngur,
ég sorgbitinn reika um skóg.*

*Hve sælan tel ég þig, söngvari nætur,
er sorglausum dvelur þér unnustan hjá
og þúsundum tryggðkossa þægir
og blustar þig á.*

*Hulið í laufþykkni heyri ég dúfnapar kurra
í hrifning og ást, en ég flý það sem vekur mér þrár.
Ég húmviðar leita.
Það brökkur af augum mér tár.*

*Hvenær, ó brosmýnd, sem bliðgeislum stafar
í brjóst mitt og hug, þig á jörðu ég finn?
Æ, hið einstaka tár
mér titrar á brennheitri kinn.*

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum þýddi.

ÞORNIÐ EI

Eftir Goethe.

*Þornið ei, þornið ei
tár hinnar eilífu ástar.
Aðeins hálfþurru augum
hve auð er veröld og dauð að sjá.
Þornið ei, þornið ei
tár hinnar ólánessömu ástar.*

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum þýddi.

Draumar

Frásögn um aðra hnetti. — Draumur

(Úr bréfi til Halldórs Þjeturssonar og Svöfu Jónsdóttur).

Aðfaranótt 27. þessa mánaðar (maí), dreymdi mig þennan draum. Ég þóttist úti stödd og ætla að fara í gönguferð. Mér þótti þetta ekki neitt óeðlilegt, því þá þótti mér ég ekki vera neitt hreyfihömluð lengur, en þegar ég ætlaði að fara af stað þá er Stefán bróðir allt í einu kominn til mín, og undraði mig það, að mér fannst hann koma eins og svífandi ofan úr loftinu.

„Á hvaða ferð ert þú?“, þykist ég spyrja. „Ég er að koma úr geimferð“, segir hann.

„Fórstu einn?“, spyr ég.

„Nei, ég var með honum Runólfi, bróður hans Halldórs Þjeturssonar, við vorum að kynna okkur ýmsa læknisfræðilega tækni á stjörnu úti í geimnum, en við vinnum oft saman við slík störf, og okkur hefur oft tekist að hjálpa sjúku fólki“.

„Kemurðu ekki stundum til Halldórs og Svövu?“, spyr ég.

„Jú, oft“, svarar hann, „en mér gengur ekki vel að komast í samband við þau og erum við Svava þó mikið andlega skyld, en mér hefur aldrei tekist að ná öðruvísi sambandi við þau, en það að Svövu hefur stundum fundist hún vita, að einhver væri hjá þeim, þó hún sjái ekki neinn. En ég reyni alltaf að fylgjast með heilsufari þeirra, og eins með þér, og öðrum sem mér er annt um. Og hef þá stundum náð nokkrum árangri. En ég kom núna til þín, til að segja þér, að þú skalt horfa á sjónvarpið í kvöld. Þú munt heyra þar um merkilega uppfyndingu“.

„Ó, það verður nú víst ekkert í sjónvarpinu í kvöld fremur en vant er“, segi ég, „nema aðeins fréttirnar“.

„Jú, nú fara að breyta varnavirki þeirra, sem halda því fram,

að það fólk sem hefur dulræna hæfileika sé annað hvort geðbilað, eða fari með ósannindi. Því ekki er hægt að segja að ljósmyndavélin skrökvi“, sagði Stebbi, „en nú hefur tekist að ljósmynda áruna, eða þann orkuhjúp, sem umlykur alla menn, dýr og jurtir. Um síðir verður hægt að skýra öll þessi dulrænu fyrirbrigði sem kölluð eru“.

„Er það rétt, sem Helgi Pjeturss áleit, að við flyttum öll til annarra hnatta, eftir líkamsdauðann?“, spyr ég.

„Jú, að vissu leyti“, segir hann. „Því þegar við erum laus við jarðneska líkamann, þá getum við farið hnatta á milli, og líka sólkerfa á milli og gjörum það oft á örfáum sekúndum. En þeir sem hafa lifað hér á jörðinni, eru alltaf tengdir henni að einhverju leyti, og eru hér oftast, og svo er líka með íbúa annarra hnatta, að þeir verða alltaf tengdir þeim hnetti, sem líf þeirra byrjar á. Það alheims afl, sem öllu ræður ákveður að svo skuli vera. En hitt er það, að menn fara stjarna á milli og dvelja og starfa þar oft, og læra margt af íbúum annarra hnatta, og íbúar annarra hnatta hafa mikil áhrif á líf manna hér á jörðu, og þeir reyna mikið að hjálpa okkur. Það er að segja, íbúar þeirra stjarna, sem háþróaðar lífverur byggja. En því miður búa á mörgum stöðum menn, sem fylgja helstefnuni eins og hér ríkir hjá okkur, og af þeim hljótum við mikið tjón. En það er dásamlegt að koma á þá hnetti þar sem lífstefnan fer öll í rétta átt, og á þá hnetti hef ég komið. Það er unaðsleg fegurð, og ólýsanleg sæla að koma þar“.

Er Stebbi hafði sagt þetta, mundi ég allt í einu að hann var dáinn, eins og við köllum, og ég vissi að mig var að dreyma. Þá rofnaði draumurinn og ég vaknaði.

Að sjálfsögðu þarf ég ekki að taka það fram, að ég hlustaði á þáttinn „Nýjasta tækni og vísindi“ um kvöldið og heyrði, að tekist hefði að ljósmynda áruna. En áður var ég búin að segja vinkonu minni á sjúkradeildinni hér (í neðra húsinu) drauminn. Það er mjög gáfuð kona og trúuð á allt dulrænt og þótti henni þetta mjög merkilegt, að draumurinn minn skyldi koma fram.

Ég veit ekki hvað þið segið um þetta, en mér fannst ég endilega verða að segja ykkur þetta. Þið sendið mér kannski einhverntíma línu og látið mig heyra álit ykkar. Ég vildi ekki segja ykkur þetta í síma, þar sem allir geta heyrt til og fór því að reyna að skrifa ykkur, þó erfiðlega gengi og það sé orðið margra daga verk hjá mér.

Sigurlaug Guðmundsdóttir,

Höfn, Hornafirði,

(28. maí 1982).

Draumur fyrir vorhreti

Mig dreymdi skömmu eftir sumarmálin að menn voru að tala um að veturinn hefði verið mjög góður, nema hvað óvenju mikill snjór hefði verið víða og frosthörkur fram að áramótum, en nú væru líka öll harðindi búin að vera, sagði þá einn maðurinn, sem hafði ekkert lagt til málanna. „Vorhretið er eftir og það verður vont“.

Rétt á eftir gekk í þessa óvenju kulda og snjókomu. Ég sagði sumu heimilisfólkinu þetta um morguninn, og kvað þetta myndi rætast, sem og líka varð.

Sigurlaug Guðmundsdóttir
(15. maí 1982).

Draumur fyrir bata nýfædds barns

Ég ætla að segja ykkur draum sem mig dreymdi nýlega. Fæðingardeild er hér í sambandi við elliheimilið, reyndar aðeins fráskilið. Fyrir skömmu var hér kona sem ég þekkti mjög vel. Við leigðum einu sinni tvö ár í sama húsi og foreldrar hennar. Þá var þessi kona tæplega þriggja ára. Mjög góð vinátta varð strax á milli heimilanna, og voru þær systurnar (þær voru þrjár) alla daga hjá okkur, og meira að segja sváfu oft hjá okkur. Þær kölluðu mömmu alltaf ömmu, en mig kölluðu þær litlu mömmu og Stebba frænða. Þessi vinátta hefur alltaf haldist og held ég að mér sé óhætt að segja að mér hafi þótt eins vænt um þær eins og kærar fósturdætur, enda hafa þær oft á seinni árum sagt, að þær hafi verið fósturdætur okkar. Fyrir skömmu eignaðist miðsystirin svo barn, en hún er sú eina, sem er búsett hér. Allt gekk vel. Ég kom svo til hennar á þriðja degi frá fæðingu og svo daginn þar á eftir, þá var miðvikudagur.

Hún sagði mér þá, að hún fengi að fara heim á föstudag að morgunlagi, en segir svo: „Komdu til mín á morgun, svona um fimmleytið, þá verð ég búin að jafna mig eftir heimsóknartímann, og þá getur þú verið hjá mér þar til þið farið að borða. Ég lofaði því. En um nóttina dreymdi mig það sem nú skal frá sagt: Ég þóttist vera stödd í húsi Júlíu (það er nafn konunnar). Ekkert mundi ég að hún var nýbúin að eignast barn, en mér fannst hún óeðlilega döpur og tár-felldi við og við. Allt í einu hleypur hún til mín og kastar sér um hálsinn á mér og þrýstir sér fast upp að brjóstinu á mér. Ég sagði við hana: „Vertu ekki svona hrygg, þetta lagast vonandi allt“. En þó að ég segði þetta vissi ég alls ekki af hverju hún var að gráta, sagði það bara til að segja eitthvað. Þá segir hún á milli ekkasaganna: „Ó, elskan, lofaðu mér að gráta út við brjóstið á þér, ég hef þá gjört það fyrri, og af minna tilefni“. Þá vaknaði ég og þótti þetta ljótur draumur.

Daginn eftir um fimm leytið er ég að leggja af stað til Júlíu, en er ekki komin nema aðeins út úr herberginu, þegar ein starfsstúlkan, Guðrún að nafni, kemur á móti mér og spyr hvort ég sé að fara fram í dagstofu. „Nei, ég er að fara til hennar Júlíu, ég var búin að lofa henni því“. „Þú ferð ekki þangað“, segir hún, „barnið er líklega alveg að deyja. Hann er alltaf að fá krampaflog, og ætlar alveg að kafna. Það er búið að sækja prestinn til að skíra drenginn og búið að panta sjúkraflugvél og með henni fara þau hjónin og annar læknirinn líka. Því það þarf alltaf að gefa barninu súrefni“. „Þá var ekki furða þó mig dreymdi Júlíu illa í nótt“, segi ég. Þessi kona hefur mikla trú á dulrænum fyrirbærum og draumum og spyr, hvað mig hafi dreymt, ég sagði henni drauminn. Þá held ég að barninu batni segir hún, því grátur í draumi þýðir gleði. „Ekki hefur mér orðið það“, segi ég. Það fór samt svo að barninu batnaði. Það var dælt ósköpum af slími upp úr lungunum á honum, og nú er von á þeim heim mjög bráðlega. Það er svona, maður kann ekki alltaf að ráða draumana fyrr en á eftir. Ég sá þá, að þetta var líkindadraumur, og að það, að hún leitaði huggunar hjá mér hefur stafað af því, að ég heiti Sigurlaug, en það kvað vera mjög gott nafn í draumi. Það hefur táknað að lífið sigraði því hún hefur þrisvar misst fóstur. En því komst engin hugsun með viti að hjá mér.

Mig hefur dreymt Bjarna frá Brekkubæ og kemur það mjög heim við það sem kom fram á fundi. Meira um það seinna.

Sigurlaug Guðmundsdóttir,
(15. maí 1982).

Jarðfræðileg athugun í draumi

I.

Mig dreymdi, að ég gekk einn með sjó fram og var sjórinn á vinstri hönd. Fjaran var smásteinótt, en klettabríkur hér og hvar. Nokkur fjöll voru framundan og til hægri handar. Er ég hafði gengið um stund sá ég að spölkorn ofan við fjöruna voru tveir sveitabæir. Var annar mjög lítill og lágur en hinn stærri og reisulegri. Nokkur útihús voru hjá hvorum bænum um sig. Ég gekk nú upp úr fjörunni í átt að stærri bænum. Maður varð þar á leið minni og fór ég að spyrja hann einhvers. Hann kvaðst vilja sýna mér ýmsa merkilega hluti þarna í landareign sinni og bað mig að fylgja sér.

Við komum að gili einu grunnu og gengum niður í það og svo upp eftir því. Lækjarspræna rann eftir gilinu. „Hér er nú sá hluturinn, sem ég ætla fyrst að sýna þér“, sagði maðurinn.

Þarna stóð eins og klettanibba út úr gilbrekkunni og er ég athugaði þetta betur, sá ég að hér var endinn á afarsverum trjából og lá hann flatur. Endi þessa trjábols var eins og þverkubbaður í sundur og þvermál hans svo mikið að svara mundi rúmri mannhæð. Ég horfði í sárið og athugaði þverskurðinn. Sá ég greinilega árhringina. Þótti mér mikið til koma, að sjá hér steingerðan svo feikilega sveran trjából, frá einhverri löngu liðinni jarðöld.

„Nú skulum við fara á annan stað“, sagði maðurinn. Við gengum upp úr gilinu og út á grasi gróið hallandi sléttlendi. Hann fór að tala um önnur efni, eitthvað heimspekilegs eðlis. Ekki man ég neitt, um hvað hann talaði, uns ég heyrði hann segja:

„United souls always are happy, also they have plenty of energy“¹⁾

Mér fannst ekkert undarlegt við það, þótt þessi orð væru töluð á ensku. Það var bara eins og sjálfsagt.

En hér endaði draumurinn skyndilega.

II.

Þessa síðustu setningu fylgdarmanns míns þóttist ég muna greinilega er ég vaknaði. Ég reis upp, náði mér undireins í blað og penna og skrifaði þessi orð, svo ég held að þau hafi náðst rétt.

¹⁾ „Samstilltar sálir eru ávallt hamingjusamar, enda búa þær yfir nægri orku“.

Í draumi skynjum við venjulega ekki hvaða tungumál er talað. Og þar sem draumgjafinn getur tilheyrt einhverjum þjóðflokki jarðar okkar, eða jafnvel einhverjum þjóðflokki annars mannkyns á annarri jarðstjörnu, þá má gera ráð fyrir, að tungumál draumanna séu allmismunandi. En við, sem draumbíggjendur, tökum yfirleitt ekki eftir töluðum orðum, heldur er það fyrst og fremst efni eða merking hins talaða máls, sem berst sofandi heila okkar, sem við munum, þegar vaknað er, og ósjálfrátt breytist það í okkar eigið mál.

Þó kemur stöku sinnum fyrir að tungumál og þar með einhver orð draumsins, komast lítt afbökun inn í vökuvitund okkar, og er það athyglisvert rannsóknarefni, því fyrir kemur að þessi orð eru okkur að fullu framandi, jafnvel þótt við teljum okkur hafa skilið þau eða efni hins talaða máls, meðan á draumnum stóð.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 13. júní 1982).

Draumur um sérkennilegt hús

Mér þótti ég hafa komið með strætisvagni neðan úr Reykjavík og farið úr honum austarlega í Kópavoginum. Og nú, skömmu eftir upphaf draums, var ég á leið vestur eftir einhverju borgarstræti í átt til heimilis míns að Hábraut 4. Gatan var breið og slétt, en ekki tók ég eftir húsum. Við hlið mér gekk einhver stúlka, og héldumst við í hendur. Og ekki var göngulagið venjulegt, heldur var hér um einskona dansspor að ræða, og einhver hljómur eða sönglag fyllti sálina og eftir því hljómfalli stigum við sporin, og bar okkur áfram allhratt.

Nú komum við þar, sem ég taldi mig eiga heima, þ. e. á Hábraut 4, en mér brá nokkuð í brún, því allt var hér með öðru útliti, en vera átti. Hér lágu á víð og dreif stórar hrúgur af einhverskonar gulu efni, sandi eða möl, sem líktist grófum vikri. Og öll hús voru með allt öðru svipmóti, en vera átti. Hvar var nú húsið mitt? Það var þarna framundan, en útlit þess var mér með öllu framandi. Nú var hér stórt hús magra hæða og enginn garður í kring. Og mér þótti húsið hafa verið úðað að utan með efni úr hrúgunum, sem áður er minnst á, til þess að verja það veðrun. Og útlit þess var mjög hrjúft og heldur ógeðfellt á að sjá. Mér þótti þetta í meira lagi

undarlegt, og kannaðist alls ekki við það sem ég var að horfa á, en þótti samt enn, að hér væri um heimili mitt að ræða á Hábraut 4.

Ég fór nú að líta í kringum mig, og horfði til norðuráttar. Þar var ekki fjögurra hæða fjölþýlishúsið, sem ég minntist úr vöku mínu, heldur var hér stórt og mjög hátt hús með einskonar sverum turni, a. m .k. tíu hæða. Og þetta hús hafði sama óhrjálega útlitið og það fyrra. Það var gult að lit, og húðunin utan á því ákaflega grófgerð, eins og á fyrra húsinu.

Hér hvarf rangþýðingin úr huga mínum. Minningarnar úr vöku hurfu og þær túlkanir, sem þangað mátti rekja. Ég skildi allt í einu, að ég var staddur í umhverfi, sem mér var að öllu leyti framandi. Hér var allt með öðrum svip, en ég hefi nokkur tíma séð í vöku.

Er ég hafði um stund virt fyrir mér þessa sérkennilegu byggingu, rofnaði draumsambandið og ég vaknaði.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 30. maí 1981).

Brot úr fyrirlestri. — Draumur

I.

Mér þótti ég hlusta á fyrirlestur um sögu heimsins. Ræðumaður sagði:

„Tímann eftir styrjöldina má kalla daga Einsteins og daga Frankenstein“.

Þetta voru síðustu orðin er ég heyrði hann segja, því í þessu vaknaði ég. Þetta er því það eina sem ég man úr fyrirlestrinum.

II.

Þetta má e. t. v. til sanns vegar færa: Kenning Einsteins ruddi sér mjög til rúms, en hefur ekki reynst rétt, og hryllingsmyndirnar um Frankenstein eru eftirsótt afþreyingarefni.

Hvorttveggja leiðir til rangrar stefnu, og spillir fyrir réttri framsókn mannkynsins.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 15/8 1979).

Sambandsfundir

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

105. Hallfreður: Tilraunir fornanna að byggja Ísland tókust með tilstyrk guðanna. Þannig eru þeir guðavinir.

(Hallfreður) 15. 9. '80.

106. Lífið fótfestir sig hvar sem því verður við komið.

(Stjörnu-Oddi) 20. 10. '80.

107. Blóðkornin eru hvert fyrir sig eins og heil vetrarbraut.

(Voltaire) 20. 10. '80.

108. Hið vonða eru mistök.

12. 11. '79.

109. Samstillingin þarf að vera í góðvild og skilningi.

12. 11. '79.

110. Lífið er allsstaðar.

(Svar við nr. 37) 22. 10. '79.

111. Það er nauðsynjamál að koma jörðunni í betra horf til þess að þar verði framfarir í stað hruns fyrir fjargeislan lífsins. Má segja að það sem skorti á jörðunni sé fullkomnara samband við æðri mannkyn. Miklu þýðingarmeira er fjarsambandið við guðina en flesta grunar. Það sem öll trúarbrögð má segja að séu sprottin af að einhverju leyti. En fyrr en menn hafa nú skilið guðina vísindalega, er ekki náð fullnægjandi sambandi við þá.

25. 8. '80.

112. Því geri ég ráð fyrir, að stjórnmalahreyfingarnar margar séu merkilegar í eðli og tilgangi, en það vantar þá undirstöðuskilning á lífinu svo að vel fari.

(Þórbergur) 25. 8. '80.

113. Það er eins og að blóta að nefna lífgeislann í sambandi við samgöngur á jörðu. Hugarorku má nota.

(Jón Þorláksson) 22. 12. '80.

114. Trúarhreyfingar ýmsar eru í sambandi við góðar verur á skyldum aflsvæðum.

29. 12. '80.

115. Sælir Íslendingar. Ég skynja til stöðvar ykkar, forngrískur maður. Á Íslandi eigið þið heima og hugsid til stjarnanna, sem Forn-Grikkir einnig gerðu og er því nokkuð skylt með Íslendingum og Forn-Grikkjum að þessu leyti. Sambandsskilningurinn er þó fullkomnari hjá ykkur en var hjá okkur á Grikklandi í fornöld. Er reyndar hin mesta þörf á, að sá fullkomnari skilningur verði sigursæll og öllum verði ljóst, að lífsamband á sér stað milli hnattanna og flutningar af einni jörð á aðra til æ meiri fullkomunar, sé rétt stefnt. Þetta höfðum við Forn-Grikkir eitthvert hugboð um, en um vísindalegan skilning á sambandinu var ekki að ræða. Það er mikil nauðsyn að hugsa út fyrir hnöttinn til sambands við lífið í alheimi. Nú er meiri þörf á því en nokkru sinni fyrr á ykkar jörð, að stillt verði til nægilega öflugt sambands við æðra tilverustig. Þannig að Íslendingar hafa hér miklu og merkilegu hlutverki að gegna, svo miklu, að framtíð mannkynsins er jafnvel undir því komin, hvernig þeir sinna því hlutverki. Öflug liðveisla Forn-Grikkja er vís hinni háttvirtu íslensku þjóð, ef hún vill hana þiggja.

Eigi hefi ég nú þetta lengra. Verið sæl.

(Pýþagoras) 13. 7. '81.

116. En á það vil ég leggja áherslu, að þó trúarbrögðin séu merkileg og hafi mikil áhrif á mannkynið, að sumu leyti góð og að sumu leyti ill, er þó víst betra að ná þar til þekkingar og skilnings og þarf ekkert niður að falla, sem nokkurt gildi hefur, fyrir það í trúarbrögðunum, er verði tengt sannri þekkingu á eðli tilverunnar.

(Séra Bjarni Jónsson) 13. 7. '81.

117. Ég hef hinn mesta hug á að brýna fyrir Íslendingum, að þeirra bíður hið stærsta hlutverk, er nokkurri þjóð hefur verið ætlað í mannkynssögunni. Ekkert minna en það að bjarga mannkyninu af glötunarvegi, sem er farinn með vaxandi hraða. Er stefnt í ógnvænlegri atburð en nokkru sinni fyrr.

(Óþekkt íslensk kona) 20. 7. '81.

118. Heil og sæl á Íslandi. Heil og sæl. Það er Forn-Grikkji, Hippókrates. Það er samstarf milli Forn-Grikkja og Íslendinga ýmsra hið besta og vinátta góð. Og vil ég leggja ykkur lið með orkugeislun nokkurri og krafti. Ekki ætla ég að tala langt mál að þessu sinni en fylgist með ykkur og styrki ykkur. Verið sæl.

(Hippókrates) 20. 7. '81.

119. Séra Jón Auðuns. Ég er farinn yfir á aðra jörð. En það er nú ekki langt síðan sá flutningur átti sér stað. Það eru erfiðleikar með þetta samband. En ég er að reyna að tala, framliðinn íslenskur prestur og spíritisti.

Er þetta Jón Auðuns?

Já. — Helgi hafði nú rétt fyrir sér um stjórnurnar og framlífið, allt jarðneskt og líkamlegt. Hvað sem hver segir, þá verð ég að láta þetta skýrt í ljós, að Helgi var hér öðrum vitrari og skarpari. Ekki eru menn nú andatrúar hérna eða ekki eru menn utan við hinn efnislega heim. Það er fjarstæða hin mesta. En þetta er stórt stökk fyrir mannkynið að átta sig á lífinu í alheimi, samband jarðlífsins við lífið á öðrum hnöttum, svo stórt, að það verður að gefa mönnum tíma til að átta sig. Ég var mjög áhugasamur um málefni spíritismans. Ekki mun ég þar að öllu leyti hafa haft rangt fyrir mér. Eðli framlífsins var ekki það sem ég taldi út frá spíritismanum. En þetta, eins og ég sagði, tekur sinn tíma fyrir mannkynið að átta sig á, hvað sé hið rétta í þessum efnunum, þó einstaklingarnir séu einnig mismunandi auðvitað. Ég viðurkenni að hafa þar yfirsést eins og mörgum öðrum. Ég er ekki í vafa um, að það hafi verið mér styrkur að hafa reynt að rannsaka þessi mál. Og spíritisminn, þótt að mörgu leyti sé ófullkominn, hefur komið talsvert miklu góðu til leiðar eigi að síður. Jæja, góðu Nýalssinnar, ég óska ykkur farsældar með ykkar stefnu. Verið sæl.

(Jón Auðuns) 27. 7. '81.

120. Með sambandsviðleitni og sambandshvöt voru norrænir menn leiddir til Norðurlanda frá Indlandi. Þetta var gert til þess að bjarga norræna málinu, íslenskunni og öðru fleiru.
(Eftir minni) 17. 6. '81.

121. Einar Benediktsson: Það verður enginn skáld nema að hann hafi hafi samband við lífið í alheimi. Kraftur guðanna leitar sér farvegs í hugum manna, en þar vill nú vera lokað.

Guðirnir tala tungumál. Heilinn tekur við hugtali en talfærin verða fyrir áhrifum. Talfærin tengjast talfærum.

Lífsorkan er sameiginleg. Líkaminn tekur við orku og geislar orku frá sér.

(Eftir minni) 29. 6. '81.

122. Ásgeir Ásgeirsson: Reisa þyrfti fjórar stjörnusambandsstöðvar, eina í hverjum landsfjórðungi.

(Eftir minni) 29. 6. '81.

123. Íslenskur sjómaður: Veðrið er háð hugarfarinu áreiðanlega að ekki litlu leyti, eða samstillingu á hverjum stað. Það munu veðurfræðingar enn ekki hafa lært að rannsaka, eða jafnvel ekki talið það koma til greina. En þó er þetta ekki neinn hugarburður, ef vel er að gætt, að mannhugurinn hafi áhrif á umhverfi sitt, bæði hið lifandi og líflausa og því meiri áhrif sem fleiri hugir eru annarsvegar.

27. 7. '81.

124. Þekkingin er vegurinn til lífsins.

3. 8. '81.

125. Ítölsk kona frá 17. öld: Nú eru ýms öfl, sem mannkyninu stjórná má segja. Sum eru göfug og sum miður góð. Og þetta getur ráðið úrslitum um framtíð mannkynsins, hvor hafa betur. Nú er af hálfu æðri mannkynja mjög leitast við að afstýra hörmungum hvarvetna á frumlífshnöttum og jörð ykkar þar ekki undanskilin. Og var mitt erindi hingað að ræða þetta örlítið. En það er erfitt að gera því nokkur skil í stuttu máli. En Ísland og Ítalía og líka mörg önnur lönd jarðar, þurfa nú að taka höndum saman og stilla til sambanda við æðri tilverustig á þann hátt, að frá öðrum hnöttum verði hægt að koma við nauðsynlegri hjálp.

3. 8. '81.

Gunnar Hjörvar

(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfþólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautahvirfingar. (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	74
Um hamfarir og huglækningar. Helgi Guðlaugsson ...	—	75
Dulýðgi. Halldór Pjetursson	—	81
Heimsslitaspár og hvað verða má til bjargar. I. A. ...	—	88
Tárast guðir? Þorsteinn Guðjónsson	—	90
Óyggjandi sambandssönnun. Þorsteinn Jónsson	—	91
Nýtt frumlífssamband. Þorsteinn Guðjónsson	—	92
Einkennileg áhrifaöfl. I. A.	—	93
Bjartsýni. Þorbergur Jónsson.	—	94
Leiðréttingar	—	94

LJÓÐ:

Ég vildi þér blómsveig binda. Þorsteinn Jónss. þýddi	—	95
Maínótt. Þorsteinn Jónsson frá Úlfsstöðum þýddi ...	—	96
Þornið ei. Goethe — Þorsteinn Jónsson þýddi	—	96

DRAUMAR:

Frásögn um aðra hnetti. — Draumur. Sigurl. Guðm.d.	—	97
Draumur fyrir vorhreti. Sigurlaug Guðmundsdóttir	—	99
Draumur fyrir bata nýfædds barns. Sigurl. Guðm.d.	—	99
Jarðfræðileg athugun í draumi. I. A.	—	101
Draumur um sérkennilegt hús. I. A.	—	102
Brot úr fyrirlestri. — Draumur. I. A.	—	103

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. (nr. 105—125) (G. Hjörvar ritaði)	—	104
---	---	-----

MYR:

Úr „Gleymd stef en geymd“ eftir Símon Jóh. Ágústss.	—	80
Úr „Spámanninum“ eftir Kahlil Gilran	—	87